

Ed.
um leigubifreiðar.

685. Frumvarp til laga

[125. mál]

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. apríl.)

Samhljóða þskj. 173 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Bæjarstjórn er heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags vörubifreiðastjóra, að ákveða, að allar leigubifreiðar til vöruflutninga í kaupstaðnum, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem fengið hefur viðurkenningu bæjarstjórnar. Á sama hátt er sýslunefnd heimilt að ákveða, að allar leigubifreiðar til vöruflutninga í sýslunni eða tilteknnum hluta hennar skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, sem hlotið hefur viðurkenningu sýslunefndar. Nú tekur félagssvæði stéttarfélags vörubifreiðastjóra til tveggja sýslna eða hluta úr þeim en stéttarfélagið rekur vörubifreiðastöð fyrir allt félagssvæðið, og er þá sýslunefndunum heimilt að ákveða, að allar vörubifreiðar á svæðinu skuli hafa afgreiðslu á stöð félagsins.

Í þeim kaupstöðum og á þeim sýslusvæðum, þar sem viðurkennd vörubifreiðastöð er starfandi, er öllum óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum utan stöðvar eða frá stöð, sem eigi er viðurkennd. Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.